

# SÖRLASTAÐIR

# FRAMTÍÐARSÝN

Hestamannafélagið Sörli - Skipulag á Sörlastöðum  
Framtíðarsýn - Þarfagreining



## LÝSING

Aðstaða Hestamannafélagsins Sörli á Sörlastöðum hefur þróast mikið á síðustu 25 árum. Skýrsla þessi lýsir hugmyndum um framtíðaruppbyggingu á Sörlastöðum, skipulagi svæðisins og byggingu nýrrar reiðhallar, til að mæta vaxandi þörf fyrir aðstöðu, samfara aukinni iðkun hestamennsku.

## Stjórn Hestamannafélagsins Sörli

Hafnarfirði, september 2015

---

## EFNISYFIRLIT

---

1	Inngangur .....	2
2	Samantekt .....	3
3	Framtíðarhugmyndir .....	4
3.1	Almenn lýsing .....	4
3.2	Íþróttahús / Reiðhöll .....	5
3.3	Hesthús .....	5
3.4	Vélageymsla .....	5
3.5	Umhirða hesta.....	5
3.6	Félagsheimili .....	6
3.7	Félagshesthús.....	6
3.8	Dómhús / Stjórnstöð.....	6
3.9	Hestagerði.....	6
3.10	Önnur notkun.....	6

# 1 INNGANGUR

---

Þróun og uppbygging á Sörlastöðum í núverandi mynd nær aftur til ársins 1990. Núverandi íþróttahús, þ.e. reiðhöll, með hesthúsi og félagsaðstöðu var tekin í notkun árið 1994. Var þessi uppbygging mikið framfaraskref í starfsemi Sörla og í raun nýmæli í hestamennsku á Íslandi. Á tímabilinu 2013-2014 voru framkvæmdar endurbætur á félagsheimili Sörla, sem í meginatriðum fólust í byggingu tveggja kvista á efri hæð hússins og lagfæringum á snyrtingum á neðri hæð.

Uppbyggingin var framkvæmd í samstarfi Sörla og Hafnarfjarðarbæjar, þannig að eignarhlutur Sörla var 20% og eignarhlutur Hafnarfjarðarbæjar var 80%.

Í núverandi íþróttahúsi er eftirfarandi aðstaða;

- Reiðsalur, 20 x 40 m, með áhorfendastæðum fyrir um 120-130 manns.
- Anddyri, snyrtingar, skrifstofa og geymslur á neðri hæð.
- Hesthús fyrir um 15 hross, á neðri hæð. Hesthúsið þjónar eingöngu til skammtímanotkunar í kringum atburði í reiðhöllinni.
- Félagsheimili á efri hæð, með eldhúsi, skrifstofu og fundarherbergi. Salurinn rúmar um 80 manns í sæti.

Í upphafi var reiðsalurinn notaður til hestastarfsemi auk annarrar íþróttastarfsemi, s.s. knattspyrnu- og tennisæfinga. Undanfarin ár hefur reiðsalurinn eingöngu verið notaður til hestastarfsemi og er notkunin gríðarlega mikil og er komin fram veruleg vöntun á aukinni og bættri aðstöðu. Nú er svo komið að erfitt er að halda uppi þeirri starfsemi sem þörf er fyrir, s.s. námskeiðahaldi og ennfremur eru æfingatímar félagsmanna verulega takmarkandi þáttur. Auk þess er veruleg þörf á stærri reiðhöll sem gefur kost á keppnishaldi og stærra sýningarhaldi innanhúss.

Uppbygging keppnisvalla á Sörlastöðum átti sér stað á tímabilinu 1999-2000. Í dag eru þar tveir hringvellir. Annar þeirra er bæði til íþróttá- og gæðingakeppni, 250 m og 300 m völlum. Hinn er til æfinga og upphitunar, 250 m völlum. Auk þess er skeiðbraut, 400 m löng, notuð til skeiðkeppni, æfinga og kynbótasýninga.

## 2 SAMANTEKT

---

Í skýrslu þessari er rakin saga seinni tíma uppbyggingar íþróttaaðstöðu Hestamannafélagsins Sörla að Sörlastöðum. Gerð er grein fyrir sívaxandi þörf á bættri aðstöðu til íþróttaiðkunar félagsmanna.

Nú er svo komið að aðstaðan hvergi nærri annar þeirri þörf sem fyrir hendi er, með fjölgun iðkenda og aukinni íþróttastarfsemi á sviði almennrar hestamennsku, námskeiðum, fræðslu, þjálfun, sýningum og keppni.

Lýst er hugmyndum um byggingu nýs íþróttahúss sem felur í sér nýja reiðhöll, félagsheimili, hesthús og aðra aðstöðu sem fylgir slíkri starfsemi. Ennfremur er lýst hugmyndum um byggingu félagshesthúss.

Útfærslur taka allar mið af þeirri aðstöðu sem fyrir er og því landrými sem er til staðar. Mun öll núverandi aðstaða áfram verða nýtt til fullnustu.

Skýrsla þessi er unnin í tengslum við deiliskipulagsvinnu fyrir Sörlastaði.

### 3 FRAMTÍÐARHUGMYNDIR

---

Í ljósi þess sem að framan er lýst hefur stjórn Hestamannafélagsins Sörla unnið að hugmyndum um framtíðarþróun íþróttaaðstöðunnar á Sörlastöðum. Unnið er að gerð eignaskiptasamnings við Hafnarfjarðarbæ, þar sem fram kemur að eignarhluti Sörla er orðinn nokkuð hærri en var í upprunalegu fyrirkomulagi.

Auk þess hefur stjórn Sörla, í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, unnið að gerð nýs deiliskipulags fyrir Sörlastaði, sem gerir ráð fyrir þeirri framtíðaruppbyggingu sem lýst er í þessari skýrslu. Skipulagshöfundur er Sigríður Sigbórsdóttir, arkitekt og Sörlafélagi.

Hér á eftir fylgir nánari lýsing á hugmyndum um framtíðaruppbyggingu og þarfagreining fyrir aðstöðuna.


#### 3.1 ALMENN LÝSING

Gert er ráð fyrir að byggt verði nýtt íþróttahús, þ.e. ný og stærri reiðhöll, á milli núverandi reiðhalla og skeiðbrautar, sambyggð núverandi reiðhöll og samsíða skeiðbraut. Grunnflötur hússins yrð u.þ.b. 96 x 43 m, eða um 4200 m<sup>2</sup>. Nýja húsið tengist hinu eldra við félagsheimili og hesthús. Í tengibyggingu, í norðurhorni á milli eldra og nýrra húss, er gert ráð fyrir 2ja hæða húsi, hæðarkótar þeir sömu og í núverandi byggingu.

Gert er ráð fyrir breyttri meginaðkomu að svæðinu og aðalbílastæðum og aðalinngangi vestan við byggingarnar, á gafli hinnar nýju tengibyggingar, að norð-vestanverðu. Hestakerrustæði yrðu austan við byggingarnar og meginaðkoma með hesta inn í húsin yrði þeim megin.

Við norður-langhlið hinnar nýju byggingar verða áhorfendastæði við skeiðbraut og keppnisvelli.

Útfærsla þessi kemur fram á deiliskipulagsuppdraetti Basalt arkitekta, nr. 101, dags. 15.09.2015 í samstarfi við Hafnarfjarjabæ. Mynd 1 hér að neðan gerir grein fyrir þessari skipulagshugmynd.



**Mynd 1. Áform um uppbyggingu á Sörlastöðum. Ásýnd úr norð-austri. Breytt aðkoma, ný reiðhöll og félagshesthús.**

Í þessum áformum er lögð rík áhersla á að aðskilja umferð ríðandi og akandi, með öryggi að leiðarljósi. Ennfremur felur þessi hugmynd í sér stórauðna möguleika í starfi hestamannafélagsins Sörla á sviði sýninga, fræðslu og námskeiða, s.s. í samstarfi við reiðkennara og tamningamenn á svæði Sörla og Íshesta. Ennfremur mun aðstaða hins almenna hestamanns til æfinga batna stórlega.

### 3.2 ÍÞRÓTTAÐÚS / REIÐHÖLL

Gert er ráð fyrir reiðhöll með reiðgólfi um 37 x 72 m, auk áhorfendastæða fyrir 600 - 800 áhorfendur. Reiðgólfinu má skipta í þrjá minni sali til æfinga og kennslu.

Gert er ráð fyrir að við stærri atburði verði upphitunaraðstaða í eldri reiðhöllinni og reiðfært innanhúss yfir í nýja reiðsalinn. Rýmisþörf fyrir þessa reiðleið mun fara eftir nánari tilhögun við hönnun hússins og liggur hún því ekki fyrir á þessu stigi.

Ennfremur er gert ráð fyrir að skeiðbraut liggja í gegnum hina nýju reiðhöll, þannig að unnt verði að leggja til skeiðs utanfrá inn í húsið, í gegnum það og út hinum megin.

Mænishæð á nýju húsi er áætluð um 11 m og hæð útveggja á langhliðum um 6 m, þakhalli 14°.

### 3.3 HESTHÚS

Gert er ráð fyrir hesthúsi með 20 stíum fyrir jafn mörg hross. Hesthús, með hliðstæðum hætti og er í núverandi byggingu, er mikilvægt til notkunar í starfsemi hússins, við þjálfun, námskeið, sýningar og stærri viðburði. Hver stía þarf skv. reglum að vera 4 m<sup>2</sup> að innanmáli og lágmarksbreidd 1,8 m. Lengd stíu getur þá verið 2,2 m. Miðað við 10 stíur í tveim röðum og 2,5 m breiðum gangi á milli, má áætla rýmisþörf hesthúss um 7 x 18,5 m eða um 130 m<sup>2</sup>, auk aðstöðu til að leggja á og hirða um hross, áætlað 30 m<sup>2</sup>. Ennfremur verður gert ráð fyrir lítilli aðstöðu fyrir hlöðu/heygeymslu við hesthús.

Heildar rýmisþörf hesthúss er því um 160-220 m<sup>2</sup>.

### 3.4 VÉLAGEYMSLA

Í tengibyggingu, norðanvert í hinu nýja húsi, er gert ráð fyrir geymslusvæði fyrir vélar og tæki félagsins. Rýmisþörf eru um 100 – 150 m<sup>2</sup>. Hugsanlegt er að vélageymsla verði á sama svæði og skeiðbraut í gegnum húsið. eru þá vélar einfaldlega færðar úr húsi ef nota á skeiðbrautina í gegnum húsið, sem fyrst og fremst er gert á stærri atburðum.

### 3.5 UMHIRÐA HESTA

Í Hafnarfirði er ekki starfandi dýralæknabjónusta fyrir hesta og er mikil vöntun á slíkri þjónustu. Í hinni nýju byggingu, nærri hesthúsi, má koma fyrir aðstöðu til hestaumhirðu fyrir félagsmenn. Þar má sjá fyrir sér eftirfarandi aðstöðu og þjónustu;

- Aðstaða fyrir dýralækna
- Baðaðstaða fyrir hross
- Hlaupabretti eða vatnshlaupabretti

Þessi aðstaða gæti verið í útleigu þannig að tiltekinn aðili tæki að sér rekstur og þjónustu. Áætlað rými um 100 – 150 m<sup>2</sup>.

### 3.6 FÉLAGSHEIMILI

Félagsheimili Sörla er á efri hæð núverandi húss og er gert ráð fyrir að svo verði áfram, með stækkun efri hæðar í tengibyggingu. Efri hæð stækkar til norðurs í hina nýju tengibyggingu. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvort efri hæð verður í allri tengibyggingu, það mun ráðast við hönnun hússins.

Í meginatriðum er gert ráð fyrir stækkun á sal og eldhúsi og ennfremur að koma fyrir snyrtingum á efri hæð hússins. Ennfremur stækkun á fundarherbergjum, skrifstofuaðstöðu og stigahúsum.

Einnig er gert ráð fyrir að dómhús verði aflagt í núverandi mynd og að dómhúsi verði komið fyrir á norðurhlið hins nýja húss, á mörkum nýrrar reiðhallar og tengibyggingar. Með því móti mun sama dómhúsið þjóna atburðum innanhúss og utanhúss.

Frá félagsaðstöðu og í tengibyggingu verður aðkoma að áhorfendastæðum í báðum reiðhöllum; þeirri eldri og þeirri nýju. Ennfremur verður tenging við áhorfendasvæði við skeiðbraut og keppnisvelli.

### 3.7 FÉLAGSHESTHÚS

Innan hestamenskunnar hefur undanfarin ár mikið verið rætt um vöntun á félagshesthúsum, en aðgangur að hesthúsi er oft mikill þröskuldur fyrir byrjendur í hestamennsku. Áður þekkt félagshesthús víða og opnuðu þau mörgum ungum hestamanninum inngang í hestamennsku. Í hugmyndum Sörla er gert ráð fyrir að byggt verði félagshesthús út frá núverandi reiðhöll, sjá mynd 1 í kafla 3.1, ljósblá bygging byggð í átt að bílastæðum. Til hliðar við félagshesthúsið yrði hestagerði, meðfram núverandi reiðhöll. Gert er ráð fyrir að hesthúsið verði um 220 m<sup>2</sup> og rúmi 20 hesta.

### 3.8 DÓMHÚS / STJÓRNSTÖÐ

Eins og fram kemur í kafla 3.4 hér að framan um félagsheimili, er gert ráð fyrir að núverandi dómhús verði lagt af og nýtt dómhús komi í hinu nýja húsi, er þjóni bæði atburðum innanhúss og utanhúss. Rýmisþörf dómhúss er áætluð 40 m<sup>2</sup>.

### 3.9 HESTAGERÐI

Í tengslum við þessar breytingar mun núverandi hestagerði á Sörlastöðum víkja fyrir bílastæði. Nýju gerði hefur verið fundinn staður sunnan við núverandi byggingu, nærri Sörlaskeiði.

### 3.10 ÖNNUR NOTKUN

Tækifæri munu verða til notkunar á hinu nýja íþróttamannvirki til fjölbreyttrar þjónustu. Alþekkt er að reiðhallir eru t.a.m. notaðar til hundasýninga.

Hið nýja félagsheimili mun ennfremur gefa möguleika á útleigu á samkomusal og hugsanlegt er að koma þar fyrir aðstöðu til dansæfinga og –iðkunar.